

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabæ

Reykjavík, 1. mars 2023
UST202301-175/Þ.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til endurbóta á sjóvörn á Hellnum

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Vegagerðarinnar, dagsett 13. janúar 2023, um leyfi til framkvæmda innan friðlýsta svæðisins Ströndin við Stapa og Hellna.

Ströndin við Stapa og Hellna er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 284/1988. Mannvirkjagerð og annað jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að raska jarðmyndunum, trufla fuglalíf og skerða gróður nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til endurbóta og viðhalds sjóvarnar við bryggjuna við Hellnar á um 26 metra löngum kafla. Kort sem sýnir staðsetningu framkvæmdarsvæðis og teikningar af sjóvörninni og hönnun hennar fylgdu með umsókn. Áætlað er að í verkið fari um 300 m³ af grjóti og kjarna. Efni til framkvæmdarinnar mun koma úr grjótnámu við efri Höfða, Rifi. Að verkinu kæmu 2-3 starfsmenn með beltagröfu eða hjólaskóflu og vörubíl. Tæki munu keyra eftir aðkomuvegi að bryggju og bryggjuni sjálfri. Verktími er áætlaður 3-5 dagar og yrði farið í framkvæmdina í ágúst eða september 2023.

Umsagnir: Árið 2018 veitti Umhverfisstofnun Vegagerðinni leyfi fyrir gerð varnagarðs neðan við Gróuhól í Hellnafjöru þar sem sett var 1000 m³ af efni. Umhverfisstofnun óskaði þá eftir umsögn Minjastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrustofu Vesturland. Umsagnir hljóðuðu á eftirfarandi leið: „Minjastofnun óskaði eftir að aðgát verði höfð við friðaðar minjar sem er að finna á svæðinu. Ásgrímsbrunnur er staðsettur rétt við aðkomuleiðina að framkvæmdarsvæðinu og er óheimilt að raska honum. Stofnunin vekur jafnframt athygli á því að ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmdina skal sá sem fyrir framkvæmdinni stendur stöðva hana án tafar svo Minjastofnun geti látið framkvæma vettvangskönnun. Náttúrufræðistofnun gerði ekki athugasemdir við framkvæmdina neðan við Gróuhól. Náttúrustofa Vesturlands skilaði ekki inn formlegri umsögn en benti á að ekki væri æskilegt að framkvæmdin færi fram á fyrrihluta varptíma en á svæðinu verpir fyll og rita.“

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa áhrif á lífríki fjörunnar á framkvæmdarsvæðinu og upplifun gesta sem heimsækja svæðið. Framkvæmdin er þó ekki talin líkleg til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins til lengri tíma lítið þar sem um er að

ræða endurbætur á núverandi sjóvörnum. Framkvæmdin mun bæta öryggi á svæðinu til lengri tíma litið þar sem garðinum er ætlað að verja bryggju sem gestir svæðisins nýta. Gæta þarf þó að öryggi gesta á meðan framkvæmd fer fram og loka aðgengi gesta að vinnusvæðinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Vegagerðinni fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum við endurbætur á sjóvörn við bryggjuna á Hellnum innan friðlýsta svæðisins Ströndin við Stapa og Hellna sbr. lýsingu hér að ofan frá 1. ágúst til 30. september að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef skemmdir verða á svæðinu og aðkomuleiðum vegna aksturs vinnuvéla í tengslum við framkvæmdina skulu þær lagfærðar.
- Umhverfisstofnun bendir á að Ásgrímsbrunnur er friðaður og óheimilt að raska honum. Koma skal fyrir merkingum við brunninn til að tryggja að hann verði ekki fyrir raski vegna framkvæmdarinnar.
- Koma skal fyrir merkingum við framkvæmdarstað um lokun bryggjunar á meðan framkvæmdir fara fram og bent á hjáleiðir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Efnisval og útlit framkvæmdarinnar skuli falla vel að landslaginu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/sjó.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Fjarlægja skal allan úrgang frá framkvæmdinni að framkvæmdartíma loknum.
- Framkvæmdir skulu fara fram utan varptíma fugla.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu. Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Hákon Ásgeirsson
þjóðgarðsvörður